

Skipulagsfulltrúi/skipulagsdeild

Vegna erindis sem tekið var fyrir 25. Jan 2024:

Leifsgata 22 bílastæði á lóð.

Svar erindis var neikvætt

Erindið sendi Ingibjörg Baldursdóttir fyrir hönd allra eigenda Leifsgötu 22.

Við eigendur hússins óskum nú eftir því að Reykjavíkurborg fari betur yfir þau rök sem gefin voru fyrir synjun og meti hvort jafnræðis sé gætt við íbúa annara hverfa borgarinnar.

Röskun:

Samþykki fyrir bílastæðum innan lóðarmarka mun ekki valda neinni röskun frá því sem nú er og verið hefur um langt skeið. Í erindinu er beðið um samþykki fyrir bílastæðum sem nú þegar eru til og starfsmenn á vegum borgarinnar hafa gert möguleg með því að taka niður kantsteina og merkja með gulu eins og það er nú. Þótt ekkert sé um bílastæði á mæliblaði og aðaluppdrætti er bílskúr á lóðinni með skilgreindri aðkeyrslu og bílastæði fyrir íbúð 0101 í þinglýstum eignaskiptasamningi frá 2001 og þar er kveðið á um umferðarrétt annara íbúa hússins.

Þverun:

Í samræmi við ofansagt er þverun því einnig til staðar inn á lóð Leifsgötu 22.

Fjölgun bílastæða

Ekki er farið fram á neina fjölgun bílastæða heldur leitað samþykkis fyrir þeim sem verið hafa í fjölda ára. Inni á lóðinni er nú stæði fyrir 3 bíla. Þau stæði létta tveim stæðum af götunni. Viðmið um bílastæði á svæði 2 í fjölbýli eru 1 stæði fyrir hverja þriggja herbergja íbúð auk 0,1 stæðis á íbúð vegna gesta. Samtals gerir það 3,3 stæði fyrir Leifsgötu 22 og væri samþykkt stæðanna því í fullu samræmi við það viðmið.

Draga úr notkun einkabílsins og fækka stæðum, sérstaklega í miðborginni.

Það er vissulega nauðsynlegt að fækka bílum en það verður að eiga jafnt við um alla borgarbúa. Íbúar miðborgarinnar verða að eiga sama rétt til að reka bíl og íbúar annara hverfa. Það er eitt að fækka almennum stæðum fyrir þá sem heimsækja miðborgina en annað að tryggja íbúum hennar sömu réttindi og öðrum í borginni. Ef íbúar miðborgarinnar kjósa að eiga bíl verður að vera hægt að leggja honum í öruggt stæði við heimilið og hafa aðgang að hleðslu. Ef gerð er sú krafa til íbúa miðborgarinnar að þeir umfram aðra borgarbúa lifi bíllausum lífsstíl má gera ráð fyrir lækkun á verði íbúða þar samanborið við önnur hverfi því skert gæði munu fylgja búsetunni. Einnig er líklegt að það muni ýta undir búsetufælni á svæðinu sem við vonum að sé ekki stefna borgaryfirvalda.

Ásýnd, heildaryfirbragð og götummynd:

Við viljum veg miðborgarinnar sem mestan og verðugt er að halda í góða ásýnd og heildaryfirbragð. Miðborgin er lifandi svæði þjónustu og ferðamennsku en einnig íbúabyggðar. Borgir byggjast vegna búsetu og starfa þeirra sem þar búa og skipulag getur þurft að breytast með þróun og kröfum samfélagsins. Leifsgata er dæmi um slíka breytingu en hún var eitt sinn umferðarlítill tvístefnugata.

Í dag viljum við flest hafa aðgang að bíl og það hefur þótt sjálfsagt undanfarna áratugi. Nú bætist við krafa um hleðslustöð við heimili og sú krafa kallar á skipulagsbreytingar og pláss.

E.t.v kemur sá tími að Leifsgatan verður aftur umferðarlítill tvístefnugata, hver veit? En það bjóða samgöngukerfi borgarinnar ekki upp á núna.

Við eigendur Leifsgötu 22 förum þess aftur á leit við borgaryfirvöld að þau endurskoði afstöðu sína og samþykkt verði 3 bílastæði á lóðinni við heimili okkar Leifsgötu 22, stæði sem nú þegar eru til og í fullri notkun.

Ingibjörg Baldursdóttir,

Björn Ólason

Arna Hrund Jónsdóttir



Leifsgata 22 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa / bílastæði á lóð – USK23120059


Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. janúar 2024 var lögð fram fyrirspurn Ingibjargar Baldursdóttur, dags. 6. desember 2023, um að fjölga bílastæðum á lóð nr. 22 við Leifsgötu um tvö, samkvæmt afstöðumynd/skissu, ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Götumynd, Leifsgata 22



Samþykkt, Afstöðumynd

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi tilheyrir lóðin og byggingin á Leifsgötu 22 borgarhluta 2 Miðborg og er á skilgreindu íbúðarsvæði ÍB12 Skólavörðuholt. Í Aðalskipulaginu er svæðið skilgreind sem hverfisverndarsvæði innan Hringbrautar. Í Aðalskipulagi sendur m.a. um hverfisvernd innan Hringbrautar „Að varðveita og styrkja þau einkenni og það heildaryfirbragð gamla bæjarins sem gera hann einstakan og eftirsóknarverðan stað í alþjóðlegu samhengi – varðveita og styrkja söguleg og fagurfræðileg og byggingarlistarleg einkenni. Að við þróun byggðar innan svæðisins verði gætt ítrustu varúðar og meginmarkmiðum borgarverndarstefnu fylgt í hvívetna. Ekki skal raska hinu sögulega gatnaskipulagi, skipan byggingarreita og opinna rýma né lóðaskipan.“

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Ekkert deiliskipulag er í gildi.

Umsögn

Óskað var eftir í fyrirspurn að fjölga bílastæðum inn á lóð Leifsgötu 22, ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir þetta svæði. Á samþykktu mæliblaði og á aðaluppdrætti er engin bílastæði sýnd inn á lóðinni eða skilgreind aðkoma en á afstöðumynd er sýnd bílageymslu sem er staðsett aftast á lóðinni og fylgir eignarhluta á fyrstu hæð. Miðað við tillöguna verður fjöldi stæða inni á lóðinni meiri en viðmiðunarfjöldi stæða fyrir lítið fjölbýlishús skv. bíla- og hjólastæðastefnu Reykjavíkurborgar og ekki í samræmi við samþykktu uppdrætti í byggingarreglugerð. Fjölgun bílastæða inn á lóð hefur einnig þau áhrif að það þarf að þvera göngu- og hjólastíginn á þremur stöðum, gera auka niðurtekt á kantstein fyrir breiðari aðkomu inn á lóðina og auk þess mun almennum bílastæðum fækka í borgarlandi. Í Aðalskipulagi Reykjavíkurborgar er almennt er sú stefna að draga úr notkun einkabilsins og fækka bílastæðum, sérstaklega í miðborginni þar sem stutt er í þjónustu og almenningsamgöngur, svæði er einnig hverfisverndað og tillagan samræmist ekki ásýnd heildaryfirbragði hverfissins og götumynd þess.

Niðurstaða Neikvætt er tekið í erindið.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Marta María Jónsdóttir, landslagsarkitekt/verkefnastjóri